

## AUGLÝSING

### um (3.) breytingu á auglýsingu um (1.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta, nr. 271/2021.

#### 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. vegna Akureyrarbæjar (löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu) breytist og verður svohljóðandi:

#### **Akureyrarbær vegna Grímseyjar (löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Grímseyjar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.
- b) Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- c) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.

#### **Akureyrarbær vegna Hríseyjar (breyting á almennum skilyrðum, löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Hríseyjar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafila í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.
- c) Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- d) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum 1. mgr. 1. gr. vegna Blönduósbæjar (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn):

- a. Fyrirsögn 1. mgr. 1. gr. breytist og verður: Blönduósbær (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn, niðurfelling vinnsluskyldu).
- b. Við 1. mgr. vegna Blönduósbæjar bætast tveir nýir stafliðir svohljóðandi:
  - e) Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
  - f) Í stað orðanna „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: telst hafa verið landað til vinnslu.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. apríl 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2021